

**Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála
Stjórnmálafræðideild
Háskóla Íslands**

**Yfirlit yfir helstu verkefni
starfsárið 2017**

Febrúar 2018

Efnisyfirlit

Frá formanni stjórnar og forstöðumanni Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála.....	3
1. Inngangur	4
2. Stjórnun, samstarf, rannsóknir og þróunarverkefni.....	4
2.1 Stjórn og starfsfólk.....	4
2.2 Samstarfsaðilar	5
2.3 Rannsóknir og þróunarverkefni	6
3. Útgáfa og vefir.....	7
3.1 Vef tímaritið Stjórn mála & stjórnsýsla.....	7
3.2 Vefir stofnunarinnar.....	10
4. Fræðsla og upplýsingamiðlun um stjórnsýslu, stjórn mála og málefni líðandi stundar.....	10
4.1 Stjórnsýslufræðsla og önnur námskeið	10
4.2 Ráðstefnur, málþing og opnir fyrirlestrar	11
4.3 Morgunverðarfundir	13
5. Fjármál stofnunarinnar.....	13
Viðauki 1. Viðburðir og námskeið á vegum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála árið 2017.....	15
Viðauki 2. Titlar og höfundar ritrýndra greina í tímaritinu Stjórn mála og stjórnsýsla árið 2017.....	18

Frá formanni stjórnar og forstöðumanni Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála

Árið 2017 var fimmtánda starfsár Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála og nefna ber nokkur atriði sem settu mark sitt á starfsárið.

Stofnunin leitaðist sem fyrr við að styðja við rannsóknir og þróunarverkefni og vera öflugur umræðuvettvangur um málefni stjórn mála og stjórnsýslu. Stofnunin starfaði í nánu samstarfi við Stjórn málafræðideild og kennara hennar, og má þar nefna umsjón stofnunarinnar með Valds- og lýðræðisrannsókninni og aðkomu hennar að skipulagningu ráðstefnu norræna sveitarstjórnarfræðinga sem haldin var í HÍ í lok árs. Samstarfssamningar við Reykjavíkurborg og forsætisráðuneytið voru endurnýjaðir og fjárhagsstuðningur þessara aðila við stofnunina aukinn. Vinna verkefnisstjórnar innanríkisráðuneytisins um stöðu og framtíð íslenskra sveitarfélaga var stór þáttur í starfi forstöðumanns á fyrstu mánuðum ársins, en verkefnisstjórnin skilaði lokaskýrslu síðsumars til ráðherra nýs ráðuneytis samgöngu- og sveitarstjórnarmála. Útgáfa tímaritsins Stjórn mála & stjórnsýsla var mikilvægur þáttur í starfsemi stofnunarinnar eins og fyrri ár, og á vormánuðum var send inn ný umsókn um skráningu tímaritsins í Scopus gagnagrunninn, en í árslok var enn verið að bíða eftir niðurstöðu umsóknarinnar. Stofnunin tók að sér umsjón með útgáfu Tímarits um viðskipti og efnahagsmál sem er ritrýnt fræðitímarit hagfræðinga og viðskiptafræðinga og kemur út í vefútgáfu tvisvar á ári. Mikil breidd var í viðfangsefnum námskeiðanna sem stofnunin skipulagði fyrir starfsfólk í stjórnsýslu ríkisins og hjá sveitarfélögum og var aðsókn að þeim einstaklega góð, en aðeins voru haldnir tveir morgunverðarfundir í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana þetta árið. Sem fyrr voru haldnir fjöldi opinna funda um rannsóknir fræðimanna og um málefni líðandi stundar í samstarfi við ýmsa aðila.

Margrét S. Björnsdóttir, stjórnarformaður, og Sjöfn Vilhelmsdóttir forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála.

1. Inngangur

Stofnunin starfar í samræmi við reglur um Stofnun stjórnarsýslufræða og stjórn mála og stefnumótun stjórnar á hverjum tíma. Í reglum stofnunarinnar segir eftirfarandi um hlutverk hennar:

„Stofnun stjórnarsýslufræða og stjórn mála er rannsókn- fræðslu- og þjónustustofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands. Stofnunin er vettvangur samstarfs Háskóla Íslands við opinbera aðila um eflingu náms og rannsókna um stjórnun opinberra stofnana, bæði ríkis og sveitarfélaga, og vettvangur umræðu um stjórn mála og stjórnarsýslu. Stofnunin heyrir undir Stjórn málafræðideild á félagsvísindasviði. Hún starfar sem sjálfstæður aðili í tengslum við Félagsvísindastofnun HÍ.“

Starfsemi stofnunarinnar starfsárið 2017 fylgdi sömu áherslum og fram koma í stefnu stofnunarinnar fyrir árin 2013-2014 þar sem eftirfarandi verkefni voru þá skilgreind af stjórn sem áhersluþættir í starfssemi stofnunarinnar:

1. Verkefni á sviði rannsókna: Þátttaka í rannsóknum, birting rannsóknarniðurstaða með útgáfu tímaritsins Stjórn mála og stjórnarsýsla, stuðningur og aðstoð við fræðimenn og starf deildarinnar, starfsemi Rannsóknarborðs Stjórn málafræðideildar.
2. Efling nýsköpunar í opinberri stjórnarsýslu og þjónustu.
3. Kennsla og upplýsingamiðlun um stjórnarsýslu og stjórn mála og málefni líðandi stundar.
4. Fjármál og reglur stofnunarinnar.

Í þessari ársskýrslu er gerð grein fyrir starfsemi stofnunarinnar á 15. starfsári hennar árið 2017.

2. Stjórnun, samstarf, rannsóknir og þróunarverkefni

2.1 Stjórn og starfsfólk

Stjórn Stofnunar stjórnarsýslufræða og stjórn mála er kosin til þriggja ára. Samkvæmt reglum stofnunarinnar skipar Forseti Félagsvísindasviðs stofnuninni sex manna stjórn til þriggja ára. Deildarfundur í Stjórn málafræðideild tilnefnir þrjár menn í stjórnina og rektor Háskóla Íslands einn. Forseti Félagsvísindasviðs skipar tvo stjórnarmenn án tilnefningar. Fulltrúar Stjórn málafræðideildar í stjórn eru: Margrét S. Björnsdóttir, formaður stjórnar, Baldur Þórhallsson og Gunnar Helgi Kristinsson. Aðrir í stjórn eru: Trausti Fannar Valsson, dósent við lagadeild HÍ og skipaður af rektor, og Steinunn Halldórsdóttir, sérfræðingur í mennta- og menningarmálaráðuneytinu, en hún er fulltrúi forsætisráðuneytisins í stjórn. Gengið var tilnefningu Helgu Björgu Ragnarsdóttur, skrifstofurstjóri á skrifstofu borgarstjóra, sem fulltrúa Reykjavíkurborgar í stjórn í ársbyrjun 2018.

Sjöfn forstöðumaður fór í fjöggra mánaða námsleyfi á árinu til að sinna doktorsnámi sínu, fyrst erlendis í þrjá mánuði frá maí til ágúst, og síðan var hún í 50% starfshlutfalli í nóvember og desember. Ekki var ráðin inn afleysingamanneskja í stöðuna heldur tók Margrét stjórnarformaður að sér að sinna helstu verkefnum forstöðumanns og vera í forsvari fyrir stofnunina meðan Sjöfn var í burtu frá maí og ágústloka.

Hrefna Ástmarsdóttir sem hafði starfað hjá stofnuninni síðan 2012, sagði starfi sínu sem verkefnisstjóri lausu í árslok 2016 og færði sig yfir á starfsmannasvið miðlægrar stjórnarsýslu HÍ. Guðrún Eysteinsdóttir sem starfaði hjá stofnunni í afleysingum árið 2015 kom inn í tímabundna

ráðningu í ársbyrjun til aprílloka, en þá fór hún til starfa hjá Menntavísindasviði HÍ. Stofnunin var án verkefnisstjóra allt sumarið, en Guðrún var til staðar í tímavinnu í maí og júní til að aðstoða við útgáfu tímaritanna Stjórnsmál & stjórnsýsla og Tímarits um viðskipti og efnahagsmál. Í september var síðan Lára Hrönn Hlynisdóttir, MS í Markaðsfræði og Alþjóðaviðskiptum, ráðin í starf verkefnisstjóra. Þá hafði dr. Haukur Arnþórsson sem fyrr umsjón með vef tímaritsinsins Stjórnsmál & stjórnsýsla.

Vissulega hafði fjarvera forstöðumanns áhrif á starf stofnunarinnar á árinu, m.a. voru engir stjórnarfundir haldnir á árinu. Ákveðið var að sameina ársfund stjórnar vegna ársskýrslu starfsársins 2016 með ársfundinum þar sem ársskýrsla starfsársins 2017 væri lögð fram, en sá fundur verður haldinn í febrúarbyrjun 2018. Minna var um skipulagða viðburði miðað við árið áður, s.s. opna fyrirlestra, morgunverðarfundu og rannsóknarborðsfundi, en námsleyfi forsöðumanns hafði hvorki áhrif á námskeiðahald né útgáfu tímaritana.

Skrifstofa Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnsmála er sem fyrr í húsnæði Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands í Gimli við Sæmundargötu.

2.2 Samstarfsaðilar

Stofnunin er samstarfsvettvangur kennara í stjórnsýslu- og stjórnsmálafræðum sem eiga á þessum vettvangi samstarf við fjölmarga aðila utan Háskóla Íslands, s.s. Reykjavíkurborg, ráðuneyti, Umboðsmann Alþingis og aðrar opinberar stofnanir en einnig Samband íslenskra sveitarfélaga, stjórnsmálaflokka, stéttarfélög og önnur félagasamtök. Þá starfar stofnunin með kennurum og fræðimönnum í öðrum deildum HÍ, sjálfstætt starfandi sérfræðingum og sérfræðingum ráðgjafafyrirtækja m.a. vegna skipulagningar á málþingum, fræðslufundum og lengri og skemmri námskeiðum um stjórnsýslu og stjórnun í opinberum rekstri fyrir starfsmenn stjórnsýslunnar og stjórnendur opinberra stofnana.

Reykjavíkurborg hefur verið formlegur samstarfsaðili stofnunarinnar frá upphafi og er samstarfið stofnuninni mikill styrkur í efnislegu og fjárhagslegu tilliti. Þjónustusamningur við Reykjavíkurborg var undirritaður 28. september 2017 til eins árs. Samningurinn var fjórþættur: 1. *Þjónustuverkefni*, 2. *Stjórnsýsluskóli fyrir starfsmenn borgarinnar*, 3. *Hugmyndabanki um rannsóknarverkefni* og, 4. *Námskeið um aðferðir og verklag nýsköpunar*. Reykjavíkurborg greiðir stofnuninni fjárframlag og varð hækkun á framlaginu þetta árið þar sem tekið var mið af verðlagsþróun síðustu ára.

Síðla vetur gerðu stofnunin og Tímarit um viðskipti og efnahagsmál (TVE) með sér samkomulag um að stofnunin myndi taka við umsjón með útgáfu tímaritsins. Seðlabanki Íslands, Hagfræðideild HÍ, Viðskipafræðideild HÍ og Viðskiptafræðideild Háskólans í Reykjavík standa að útgáfu tímaritsins. Um er að ræða fræðitímarit með ritrýndum greinum sem kemur út tvisvar á ári í vefútgáfu og gefur 10 stig í matskerfi opinberra háskóla. TVE ákvað að leita til stofnunarinnar þar sem hún hefur staðið fyrir útgáfu tímaritsins Stjórnsmál & stjórnsýsla fá árinu 2005 við góðan orðstír. Hlutverk stofnunarinnar við útgáfu TVE er að vinna með fimm manna ritstjórn og hafa umsjón með samskiptum við höfunda og ritrýna, taka við nýjum greinum og halda utan um ritrýniferlið, auk þess að sjá um undirbúning greina í umbrot og vefútgáfu, kynningarmál, útgáfuboð og fjármál. Á móti greiðir tímaritið stofnuninni árlega umsýsluþóknun. Tímaritið kom út tvisvar í

vefútgáfu árið 2017, í byrjun júlí og svo aftur 19. desember og þá var haldin kynning og útgáfuboð. Vefsíða tímaritsins er: www.efnahagsmal.is

Sem fyrr átti stofnunin á samstarf við opinbera aðila um námskeiðahald. Þar má nefna námskeið í stjórnsýslurétti og upplýsingarétti í samstarfi við forsætisráðuneytið, námskeið um opinber innkaup í samstarfi við Ríkiskaup, og fræðsludag um nýja persónuverndarlöggjöf í samstarfi við Persónuvernd. Í maí skrifaði stofnunin undir nýjan samstarfssamning við forsætisráðuneytið um samstarf um fræðslu og námskeiðahald. Stofnun og ráðuneytið hafa átt með sér samstarf frá árinu 2005, en í nýja samningnum var fyrirkomulag samstarfsins útfært nánar auk þess sem árlegur fjárhagsstuðningur ráðuneytisins var hækkaður miðað við verðlagsþróun síðustu ára.

Samstarf stofnunarinnar og Félags forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) hefur alla tíð verið mjög farsælt og hefur leitt af sér viðamikla samvinnu um fræðslu, rannsóknir og eflingu umræðu um viðfangsefni og starfsumhverfi í opinberri stjórnsýslu og rekstri opinberra stofnana. Í mörgum tilvikum hefur samstarf aðila tengst viðfangsefnum einstakra ráðuneyta og skal þar fjármála- og efnahagsráðuneytisins sérstaklega getið. Samstarf stofnunarinnar og FFR árið 2017 fólst í að standa fyrir morgunverðarfundum og námskeiðum um málefni stjórnsýslunnar. Sjá nánari umfjöllun um morgunverðarfundum og námskeið sem stofnunin og FFR stóðu saman að á árinu í köflum 4.1 og 4.3 og yfirlit í viðauka 1.

Sem fyrr átti stofnunin gott og náið samstarf um skipulagningu á viðburðum við Félag stjórnmalafraeðinga, Félag stjórnsýslufræðinga, Íslandsdeild Norræna stjórnsýslusambandsins, kennara Stjórnmalafraeðideildar, og rannsóknarstofnanir við aðrar deildir HÍ. Sjá nánari umfjöllun um opna fundi um málefni liðandi stundar sem stofnunin stoð fyrir á árinu í kafla 4.2 og í viðauka 1.

Stofnunin hefur í gegnum tíðina tekið þátt í norrænu og evrópsku samstarfi stjórnsýsluskóla, en slíkir skólar bjóða grunn- og endurmenntun fyrir starfsmenn og stjórnendur hins opinbera. Hér er annars vegar átt við þátttöku í fundum Directors of Institutes and Schools of Public Administration (DISPA), sem er samstarfsvettvangur aðila sem sjá um stjórnsýslufræðslu í löndum ESB og halda þeir fund tvisvar á ári hjá forysturíki ESB hverju sinni. Einnig hafa norrænir samstarfsaðilar haft með sér sérstakt tengslanet undir heitinu Nordic Civil Service Training Institute Network. Forstöðumaður stofnunarinnar tók ekki þátt í fundum á þessum samstarfsvettvangi á árinu 2017.

2.3 Rannsóknir og þróunarverkefni

Eftirfarandi rannsóknar- og þróunarverkefni voru veigamest í starfsemi Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmalá á árinu:

2.3.1 Valds- og lýðræðisrannsókn Félagsvísindasviðs. Rannsóknarverkefnið hefur verið vistað hjá stofnuninni síðan í maí 2015. Um er að ræða rannsóknarverkefni til fjögurra ára (2014-2017) þar sem athyglinni er beint að megingerendum í valds- og lýðræðiskerfum íslensks samfélags svo sem að löggjafanum, framkvæmdavaldinu, stjórnsýslunni, stjórnmalaflokkum, hagsmunasamtökum, fjölmiðlum og almenningi (sjá www.vol.hi.is). Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor við Stjórnmalafraeðideild, stýrir rannsókninni en um 30 fræðimenn úr ólíkum deildum Félagsvísindasviðs taka þátt í verkefninu. Stofnunin sér um rekstur verkefnisins í samstarfi við

rannsóknarstjóra. Á vefsíðunni þess má sjá afrakstur rannsókna verkefnisins á árinu 2017 en þá voru sex ritrýndar greinar og mastersritgerðir birtar. Á vormánuðum 2018 mun verkefninu ljúka með útgáfu sérheftis hjá tímaritinu Stjórnsmál & stjórnsýsla þar sem niðurstöður úr ákveðnum þáttum þess verða birtar. Guðmundur H. Frímansson, prófessor við Háskólann á Akureyri, er gestarítstjóri sérheftisins sem mun innhalda tíu ritrýndar greinar. Í október var haldin vinnustofa til að undirbúa útgáfu sérheftisins þar sem höfundar gerðu grein fyrir stöðu rannsókna sinna og kynntu drög að greinum sínum. Umsýsla stofnunarinnar við verkefnið 2017 fólst í að skipuleggja vinnustofuna í október, uppfæra vefsíðu verkefnisins, skýrsluskrif og fjármálaumsjón.

2.3.2 Rannsóknasetur um fjölmiðlun og boðskipti. Rannsóknasetur um fjölmiðlun og boðskipti er rannsókn-, fræðslu- og þjónustustofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands og Háskólanum á Akureyri. Hlutverk þess er að auka og efla rannsóknir á sviði fjölmiðla og fréttamennsku og að vera samstarfsvettvangur á milli fræðasamfélags og fjölmiðlafólks. Setrið var gert að sjálfstæðri einingu innan Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnsmála síðla árs 2016. Engir viðburðir voru skipulaðir á vegum setursins árið 2017.

2.3.3 Þátttaka í verkefnisstjórn um stöðu og framtíð sveitarfélaga. Í árslok 2015 skipaði þáverandi innanríkisráðherra fimm manna verkefnisstjórn sem fékk það hlutverk að greina íslenska sveitarstjórnarstigið og finna tækifæri og leiðir til að styrkja það. Starfstími verkefnisstjórnar var áætlaður eitt og hálf ár. Forstöðumaður stofnunarinnar var skipaður af ráðherra í verkefnisstjórnina sem fulltrúi háskólasamfélagsins. Starf verkefnisstjórnarinnar hélt áfram fyrri hluta árs 2017. Forstöðumaður tók þátt í kynningu meðal sveitarstjórnarfólks á niðurstöðum spurningakönnunar um viðhorf íbúa til sveitarfélags síns og sýn á væntingar þeirra til sveitarstjórnarstigsins, en könnunin var framkvæmd var síðla árs 2016. Vinnu verkefnisstjórnar lauk í september með útkomu lokaskýrslu með niðurstöðum og tillögum verkefnisstjórnar. Kynna átti skýrsluna á blaðamannafundi með ráðherra samgöngu- og sveitarstjórnarmála snemma morguns 15. september, en ekki varð af fundinum þar sem ríkisstjórnarsamstarfinu var slitið kvöldið áður. Skýrsluna má finna á vef stjórnarráðsins undir liðunum: *gögn – rit og skýrslur*.

2.3.4 Rannsóknaborð. Rannsóknaborð er samstarfsvettvangur kennara Stjórnsmálafræðideildar og doktorsnema deildarinnar. Tilgangur rannsóknaborðsins er m.a. að styðja við og efla rannsóknir á sviði opinberrar stjórnsýslu og stjórnsmála, auka samstarf milli fræðimanna á þessum sviðum, vera samræðuvettvangur fræðanna og þeirra sem starfa við opinbera stjórnsýslu og stjórnsmál og vera vettvangur miðlunar þekkingar og hagnýtrar reynslu. Á árinu 2015 var ákveðið að nýta rannsóknaborðsfundina til að kynna rannsóknir doktorsnema og til að miðla hagnýtum upplýsingum sem snúa að rannsóknavinnu almennt, svo sem styrkjámöguleikum og birtingum í fræðitímaritum. Engir rannsóknaborðsfundir voru skipulagðir á árinu 2017. Á heimasíðu stofnunarinnar www.stjornsyslustofnun.hi.is má finna upplýsingar um rannsóknaráherslur kennara og doktorsnema Stjórnsmálafræðideildar undir Rannsóknaráherslur fræðimanna.

3. Útgáfa og vefir

3.1 Veftímaritið Stjórnsmál & stjórnsýsla

Stofnunin hefur gefið út vef tímaritið Stjórnámál & stjórnsýsla frá árinu 2005. Megintilgangur tímaritsins er að gera fræðilegt efni um íslenska stjórnsýslu og stjórnámál aðgengilegt með það fyrir augum að auka við þekkingu og efla faglega umræðu á þessu sviði. Tímaritið hefur á síðustu árum vaxið og eflst og er það afar mikilvægur birtingarvettvangur fyrir fræðimenn á sviði félagsvísinda. Frá upphafi til ársloka 2017 hafa birst 222 ritrýndar fræðigreinar í tímaritinu, 69 almennar greinar og 128 bókadómar.

Sem fyrr komu út tvö tölublöð í vefútgáfu á árinu, í júní og desember, með alls 13 ritrýndum greinum (sjá yfirlit yfir greinarnar í viðauka 2). Tölublöðin eru öllum aðgengileg á vefsíðunni www.irpa.is sem stendur fyrir enskt heiti tímaritsins: *Icelandic Review of Politics & Administration - IRPA*. Frá árinu 2012 hefur tímaritið komið út í íslensku og ensku vefviðmóti og er hægt að velja á milli tungumála. Prentuð útgáfa kemur út einu sinni á ári, en í henni eru ritrýndu greinar vefútgáfunnar frá árinu áður og kom hún út í apríl þetta starfsárið.

Um 117 einstaklingar og stofnanir eru áskrifendur að tímaritinu, greiða árlegt áskriftargjald og fá senda prentuðu útgáfuna. Þar af eru 13 opinberar stofnanir sem styðja útgáfuna sérstaklega með hærri styrktaráskrift. Einnig hefur Seðlabanki Íslands styrkt útgáfuna með fjárframlagi.

Við útgáfu vef tímaritsins í júní og desember var boðið til útgáfuhófs þar sem höfundar, eða höfundum, var gefið tækifæri til að kynna efni greinar sinnar og voru umræddur á eftir. Í útgáfubodinu í júní kynnti Magnús Þór Torfason grein sína sem hann skrifaði með Þorgerði Einarsdóttur, Guðbjörgu Lindu Rafnsdóttur, og Margrétu Sigrúnu Sigurðardóttur: *Elítur á Ísland – einsleitni og innbyrðis tengls*. Samtals birtust sjö ritrýndar greinar í tölublaðinu. Í útgáfubodinu í desember kynnti Eva Marín Hlynsdóttir grein sína: *Dutiful Citizen or a Pragmatic Professional? Voluntary Retirement of Icelandic Local Councillors*. Samtals birtust sex ritrýndar greinar í því tölublaði. Báðar kynningargreinar fengu töluverða umfjöllunun í fjölmiðlum þegar þær komu út.

Í ritnefnd tímaritsins 2017 voru eftirtaldir: Gunnar Helgi Kristinsson, sem er aðalritstjóri, Margrét S. Björnsdóttir og Sjöfn Vilhelmsdóttir. Umsjón með útgáfunni hefur forstöðumaður stofnunarinnar og Haukur Arnþórsson hefur umsjón með vef tímaritsins.

Hjá tímaritinu er einnig ráðgefandi ritstjórn sem og International Advisory Board. Báðar ritstjórnirnar eru skipaðar virtum erlendum og innlendum fræðimönnum á fræðasviði tímaritsins. Í ráðgefandi ritstjórn eru eftirtaldir: Jóhanna K. Birnir, University of Maryland, Magnús Þorkell Bernharðsson, Williams College, Guðmundur Heiðar Frímannsson, Háskólinn á Akureyri, Ólafur Þ. Harðarson, Háskóli Íslands, Indriði H. Indriðason, University of California, Riverside, Anna G. Jónasdóttir, University of Örebro, Tiina Randma-Liiv, Tallinn University of Technology, og Gyða Margrét Pétursdóttir, Háskóli Íslands.

Í International Advisory Board eru eftirfarandi: Shaun Bowler, University of California, Riverside, Donatella Della Porta, European University Institute, Sieglinde Gstöhl, College of Europe, Beatrice Halsaa, University of Oslo, Johanna Kantola, University of Helsinki, Don Kettl, University of Maryland, Mona Lena Krook, Rutgers University, Brendan O'Leary, University of Pennsylvania, Simona Piattoni, University of Innsbruck, Gerry Stoker, University of Southampton og Jos C. N. Raadschelders, University of Oklahoma.

Greinar sem birtast í tímaritinu eru metnar til 15 stiga í matskerfi opinberra háskóla, en matskerfið gerir ráð fyrir því að íslensk tímarit séu flokkuð í samræmi við það hversu strangar vísindalegar kröfur tímaritin gera við mat á greinum sem þeim berast til birtingar, en þau þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði um ritstjórnarhætti. Ritryndar greinar sem birtast í tímaritinu Stjórnsmál & stjórnsýsla eru því metnar í hæsta flokk en matskerfið er grundvöllur mats á störfum akademískra starfsmanna við opinbera háskóla.

Ritstjórn markaði sér þá stefnu þegar á árinu 2012 að sækja um skráningu á tímaritinu í erlenda gagnagrunna vísindatímarita, og hefur náðst töluverður árangur í þeirri vinnu. Enn á tímaritið þó eftir að fá skráningu í mikilvæga grunna eins og Scopus. Í árslok 2015 skrifuðu stofnunin og Félagsvísindasvið undir samstarfssamning um fjárhagslegan stuðning til þriggja ára vegna útgáfu tímaritsins. Meginmarkmið samstarfsins er að efla útgáfu Stjórnsmála & stjórnsýslu með því að skrá tímaritið í leiðandi alþjóðlega gagnagrunna og þannig viðhalda stöðu þess sem leiðandi fræðirit á sviði íslenskra félagsvísindarannsókna. Samningurinn hljóðar upp á 2.850 þúsund króna árlegt framlag Félagsvísindasviðs til stofnunarinnar (sem útgefanda tímaritsins) til þriggja ára. Þessi fjárhagslegi stuðningur gerir ritstjórn tímaritsins og forstöðumanni stofnunarinnar kleift að sinna utanumhaldi með útgáfunni betur og vinna að endurbótum sem eru nauðsynlegar til að fá skráningu á tímaritinu í áður nefndum gagnagrunnum. Á vormánuðum 2017 var send inn ný umsókn um skráningu í Scopus gagnagrunninu. Í árslok 2017 var enn verið að biða eftir niðurstöðu umsóknarinnar, en umsóknarferlið tekur allt að níu mánuðum.

Tímaritið er nú þegar með aðgang að eftirfarandi samtökum og kerfum, þessi aðgangur er grunnur að skráningu í erlenda gagnagrunna vísindatímarita:

1. **CrossRef-Publishers International Linking Association (PILA)**

Stofnunin er útgefandi tímaritsins er meðlimur í **Cross Ref Publishers International Linking Association (PILA)**. PILA úthlutar meðlimum DOI númeri sem er grundvöllur skráningar tímarita í gagnagrunna. Tímaritinu hefur verið úthlutað DOI númeri og hafa allar greinar tímaritsins frá upphafi 2005 fengið slíkt númer.

2. **Open Access Scholarly Publishers Association (OASPA)**

Stofnunin sem útgefandi tímaritsins fékk inngöngu í **Open Access Scholarly Publishers Association (OASPA)** árið 2013. OASPA hvetur útgefendur til að nota [Creative Commons licenses](#), sérstaklega Creative Commons Attribution License (CC-BY), sem grundvöll fyrir opinn aðgang að fræðilegu efni skv. viðurkenndri skilgreiningu á opnum aðgangi vísindatímarita. Merki Creative Commons Licences kemur fram á forsíðu tímaritsins Stjórnsmál & stjórnsýslu til marks um að það fylgi viðurkenndum stöðlum um opinn aðgang.

3. **Open Journal Systems (OJS)**

Stofnunin tók í gagnið ritstjórnar- og dreifingarkerfi Open Journal Systems kerfið (OJS) árið 2013. Allar greinar sem birst hafa í tímaritinu hafa verið settar OJS kerfið. Kerfið er ritstjórnarkerfi fyrir höfunda, ritryna og ritstjóra og styður tvíblinda ritryni, sér um leiðbeiningar og áminningar til höfunda og ritryna, er birtingarkerfi fyrir tímaritsgreinar á vefnum og útbýr eigin greinar í rafrænt form (export/import skrár) fyrir skráningu hjá alþjóðlegum skráningaraðilum fræðigreina.

Tímaritið er nú þegar skráð í eftirfarandi erlenda gagnagrunna vísindatímarita:

1. **Directory of Open Access Journal (DOAJ);**

2. **ProQuest** - undir ProQuest Political Science Journals;
3. **Google Scholar Metrics**;
4. **EBSCO** - EBSCO Information Services gagngrunnur.

3.2 Vefir stofnunarinnar

Á vef stofnunarinnar, www.stjornsyslustofnun.hi.is, er að finna helstu upplýsingar um starfsemi hennar og upplýsingar um þau rannsóknasvið sem fræðimenn deildarinnar leggja helst áherslu á. Stofnunin nýtir sér einnig samfélagsmiðla til kynningar á starfseminni og heldur úti Facebook-síðu og er á Twitter. Stofnunin rekur einnig vefsíðu tímaritsins Stjórnsmál & stjórnsýsla (www.irpa.is) eins og fram hefur komið, auk þess að hafa umsjón með vefsíðu Valds- og lýðræðisrannsóknarinnar (www.vol.hi.is).

4. Fræðsla og upplýsingamiðlun um stjórnsýslu, stjórnsmál og málefni líðandi stundar

4.1 Stjórnsýslufræðsla og önnur námskeið

Allt frá stofnun hefur stofnunin lagt mikla áherslu á að bjóða upp á styttri námskeið fyrir starfsfólk í stjórnsýslu ríkisins og hjá sveitarfélögum. Bæði er boðið upp á staðnám og farnám með streymi í rauntíma, en með undantekningum í námskeiðum þar sem lögð er áhersla á þátttöku í umræðum og hópaverkefni. Stofnunin stóð fyrir 15 fræðsluviðburðum á árinu: ellefu námskeiðum, einni vinnustofu, tveimur fræðsludögum og einu lokuðu námskeiði fyrir trúnaðarmenn að beiðni Félags framhaldsskólakennara. Þrjú ný námskeið og ein ný vinnustofa voru í boði á árinu 2017, en sem fyrr stóð stofnunin fyrir föstum námskeiðum á sviði stjórnsýsluréttar í samstarfi við forsætisráðuneytið og Félags forstöðumanna með liðveislu og stuðningi Umboðsmanns Alþingis.

Alls sóttu 542 einstaklingar námskeið stofnunarinnar á árinu sem var um 18% aukning frá fyrra ári. Í viðauka 1 má einnig sjá yfirlit yfir námskeiðin.

Á árinu 2017 var í 13. skiptið haldið sex vikna námskeið um stjórnsýslurétt fyrir starfsmenn ríkis og sveitarfélaga. Námskeiðið nýtur ávallt mikilla vinsælda og umsjónarmaður og aðalkennari þess árið 2017 var Hafsteinn Þór Hauksson, dósent við Lagadeild Háskóla Íslands. Aðrir fyrirlesarar voru sérfræðingar frá Umboðsmanni Alþingis. Þess má geta að 50% aukning var í þátttöku í námskeiðinu milli ára.

Kjartan Bjarni Björgvinsson, dómari við héraðsdóm Reykjavíkur kenndi fimm hálf dags námskeið á sviði stjórnsýsluréttar í samstarfi við stofnunina á árinu. Fyrst skal nefna árlegu námskeiðin sem alltaf eru vinsæl: *Hvernig á að ráða starfsmenn hjá ríki og sveitarfélögum?* og *Upplýsingaréttur almennings: Úrlausn lagalegra álitaefna* sem haldin voru í mars og maí. Í febrúar var haldið námskeiðið *Tjáningarfrelsi opinberra starfsmanna: Hvar liggja mörkin?*, en það kom inn sem nýtt námskeið árið 2016. Í október kenndi Kjartan nýtt námskeið um *Undanþáguákvæði upplýsingalaga – Hvenær er skylt og hvenær er heimilt að gæta leyndar samkvæmt upplýsingalögum?* Aðsókn að námskeiðinu var mjög góð og því ákveðið að bjóða aftur upp á það sem síðdegisnámskeið um miðjan nóvember. Að auki skipulagði stofnunin í samstarfi við Kjartan Bjarna sérstakt tveggja daga námskeið fyrir trúnaðarmenn kennara

í framhaldsskólum að beini Félags framhaldsskólakennara. Námskeiðið var haldið um miðjan september og var þetta annað árið í röð sem Félag framhaldsskólakennara leitar til stofnunarinnar um að skipuleggja námskeið fyrir trúnaðarmenn sína.

Í byrjun mars stóð stofnunin fyrir vinnustofu með heitinu *Hvernig má beita hegðunarinngrípum til að fólki breyti rétt?* Vinnustofan var haldin í framhaldi af morgunverðarfundum um hagnýtingu atferlisfræða og gagnreyndrar þekkingar við stefnumótun og um hnippingar sem aðferð við stefnuframkvæmd, en fundurinn var haldinn mánuði áður í samstarfi við forsætisráðuneytið og Félag forstöðumanna. Umsjón og fyrirlesarar voru Hulda Þórisdóttir, dósent við Stjórn málafræðideild og Ragna Benedikta Garðarsdóttir, dósent við Sálfræðideild HÍ. Einnig sagði Sigríður Jónsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu félagsþjónustu í velferðarráðuneyti, frá reynslu ráðuneytisins við hagnýtingu atferlisvísinda og aðferðafræði Behavioural Insights Team.

Um miðjan mars stóð stofnunin í fyrsta skiptið fyrir námskeiði um upplýsingaöryggi: *Upplýsingaöryggi hjá opinberum stofnunum: Innleiðing öryggisstefnu, framkvæmd ábattumats og ábattumæðferð.* Umsjón og fyrirlesari námskeiðsins var Sigurjón Þór Árnason, gæða- og upplýsingaöryggisstjóri hjá Veðurstofu Íslands og stundakennari í stjórnsýslufræðináminu hjá Stjórn málafræðideild HÍ. Viðfangsefni námskeiðsins kemur inn á auknar skyldur og ábyrgð opinberra aðila sem vinna með persónuupplýsingar og ríkari kröfur um persónuvernd í nýrri Evrópureglugerð. Námskeiðið var skipulagt sem tveir hálfir dagar og var aðsókn að því mjög góð. Námskeiðið var því endurtekið í maí og svo aftur í október.

Í apríllök skipulagði stofnunin í fyrsta skiptið námskeið um *áfallstjórnun (e. crisis management)*. Umsjón og fyrirlesari námskeiðsins var Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, doktor í stjórnmálafræði og cand. oecon. í viðskiptafræði, en hún hefur sinnt rannsóknum og kennslu í áfallstjórnun hér á landi, í Svíþjóð, í Bandaríkjunum og verið gestaprófessor við Kýótó háskólann í Japan. Viðtökur við námskeiðinu voru mjög góðar og ákveðið var að endurtaka það að ári liðnu.

Stofnunin í samstarfi við Ríkiskaup bauð upp á *námskeið um opinber innkaup* á haustmánuðum, þriðja árið í röð. Námskeiðið miðast við að auka þekkingu á lagalegu umhverfi og framkvæmd opinberra innkaupa og er ætlað forstöðumönnum jafnt sem öðrum starfsmönnum sem sjá um innkaup hjá stofnunum ríkisins og hjá sveitarfélögum. Sérfræðingar frá Ríkiskaupum sáu um kennslu á námskeiðinu sem var skipulagt sem tveir hálfir dagar.

Í desember stóð Persónuvernd í samstarfi við stofnunina, Félag forstöðumanna ríkisstofnana og dómsmálaráðuneyti fyrir fræðsludegi um *nýja Evrópureglugerð um persónuvernd*. Markhópur fræðslunnar voru starfsmenn opinberra stofnana. Um var að ræða heilsdags dagskrá sem Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála hafði umsjón með skipulagi og skráningu, en sérfræðingar á vegum Persónuverndar sáu um kennsluna. Vegna góðrar aðsóknar var fræðsludagurinn haldinn tvisvar með viku millibili.

4.2 Ráðstefnur, málþing og opnir fyrirlestrar

Stofnunin lagði sem fyrr áherslu á að standa fyrir opnum fundum og málþingum um málefni sem eru efst á baugi varðandi stjórnsmál og stjórnsýslu í samstarfi við ýmsa aðila. Markhópur þessa

fræðslu- og umræðuvettvangs eru stjórnendur í opinberum rekstri, starfsmenn stjórnsýslu ríkis og sveitarfélaga og fag-, fræði- og áhugafólk um opinbera stjórnsýslu og stjórnámál. Alls sóttu um 400 manns þessa tegund viðburða á árinu 2017, sem voru:

- **Færri sveitarfélög: Hver er ávinningurinn?** Hádegisfundur haldinn í samvinnu við Félag stjórnámálafræðinga 3. mars. Framsögumaður var Grétar Þór Eyþórsson prófessor við Háskólann á Akureyri. Þátttakendur í pallborðsumræðum: Eyrún Sigþórsdóttir fyrrverandi sveitarstjóri Tálknafjarðarhrepps, Gunnar Axel Axelsson bæjarfulltrúi í Hafnarfirði og Gunnlaugur A. Júlíusson sveitarstjóri Borgarbyggðar.

- **„Hið góða þjóðþing“: Hugleiðingar fræðikonu innan úr neðri deild breska þingsins.** Hádegisfundur haldinn 17. mars í samvinnu við MARK, Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsóknna. Fyrirlesari: Sarah Childs, prófessor í stjórnámálafræði og kynjafræði við Bristol háskóla.

- **Hlutverk opinberra starfsmanna í lýðræðisumræðu.** Aðalfundur og málþing Íslandsdeildar Norræna stjórnsýslusambandsins (NAF) haldið í HÍ 6. apríl í samstarfi við stofnunina. Framsöguerindi flutti Jón Ólafsson, heimspekingur og prófessor við Hugvísindasvið HÍ. Þátttakendur í pallborðsumræðum: Eva Marín Hlynsdóttir, lektor við Stjórnámálafræðideild HÍ, Trausti Fannar Valsson, dósent við Lagadeild HÍ og Þórður Snær Júlíusson, ritstjóri Kjarnans.

- **Alþjóðasamvinna á krossgötum: Hvert stefnir Ísland?** Ráðstefna sem Alþjóðamálastofnun, Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnámála, Félag stjórnámálafræðinga og Norðurlönd í fókus stóðu að í Norræna húsinu 19. apríl. Heildags dagskrá með málstofum fræðimanna og pallborðsumræðum.

- **Skipulagsleysi, málþóf og gæði lagasetningar: Raunmyndir af störfum Alþingis.** Hádegisfundur haldinn 26. apríl í samvinnu við Félag stjórnámálafræðinga. Fyrirlesari var dr. Haukur Arnþórsson, stjórnsýslufræðingur.

- **Framfarir: Tíu ástæður til að taka framtíðinni fagnandi.** Opinn síðdegisfundur haldinn 23. október í samstarfi við Almenna bókafélagið. Frummælandi var sænski sagnfræðingurinn og sjónvarpsmaðurinn Johan Norberg sem kynnti bók sína sem var að koma út í íslenskrri þýðingu: *Framfarir: Tíu ástæður til að taka framtíðinni fagnandi.*

- **Er hægt að efna lofordin sem gefin voru öldruðum?** Hádegisfundur haldinn 17. nóvember í samstarfi við Félag stjórnámálafræðinga og Félag eldri borgara í Reykjavík. Dr. Haukur Arnþórsson kynnti niðurstöður nýrrar rannsóknar á kjörum eldri borgara sem hann vann fyrir Félag eldri borgara í Reykjavík.

- **Fjöldi flokka, kosningabaráttan og stjórnarmyndun.** Hádegisfundur haldinn í samvinnu við Félag stjórnámálafræðinga 29. nóvember þar sem farið var yfir spurningar um hvað einkenni kosningabaráttuna 2017 og hvaða þýðingu aukinn fjöldi flokka hefur fyrir kosningabaráttu og stjórnarmyndun. Þátttakendur í pallborðsumræðum: Eva H. Önnudóttir, nýdoktor í stjórnámálafræði, Heiðar Örn Sigurfinnsson, ritstjóri kosningaumfjöllunnar RÚV og Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnámálafræði.

- **Ráðstefna norrænna sveitarstjórnarfræðinga/NORKOM.** Tveggja daga ráðstefna haldin í HÍ 1.- 2. desember sem samanstóð af vinnustofum fræðimanna og fyrirlestrum. Stofnunin vann með íslensku fræðimönnum sem voru í forsvari fyrir ráðstefnuna og aðstoði við undirbúning, skipulag og utanumhald ráðstefnudagana.

4.3 Morgunverðarfundir

Stofnunin hefur, sem fyrr segir, átt mjög fjarsælt samstarf við Félag forstöðumanna ríkisstofnana (FFR) mörg undanfarin ár með það að markmiði að efla fræðslu og umræðu um viðfangsefni og starfsumhverfi í opinberri stjórnsýslu og rekstri opinberra stofnana. Fastur liður í þessu samstarfi hefur verið að standa reglulega fyrir morgunverðarfundum á Grand hótél um málefni sem tengjast stjórnsýslufræðum og stjórnsýslu ríkisins. Fundirnir hafa verið vel sóttir, bæði af félagsmönnum FFR sem og af öðrum starfsmönnum í stjórnsýslunni, hjá samtökum og einkafyrirtækjum. Aðeins tveir morgunverðarfundir voru haldnir árið 2017 sem kom til m.a. vegna annara fundahalda há FFR sem snéru að starfsumhverfi forstöðumanna og fræðsludagskrár fjármála- og efnahagsráðuneytis fyrir forstöðumenn. Um 245 manns sóttu morgunverðarfundum ársins sem voru:

- **Hvernig bætum við stefnumótun og framkvæmd opinberrar þjónustu á grunni atferlisfræða og gagnreyndrar þekkingar?** Morgunverðarfundur haldinn í 8. febrúar samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana og forsætisráðuneyti. Framsögumenn: dr. Tiina Likki, sérfræðingur hjá BIT: Behavioural Insights Team í Bretlandi, og dr. Hulda Þórisdóttir, dósent við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands.

- **Ný Evrópureglugerð um persónuvernd: Grundvallarbreytingar á skyldum og ábyrgð opinberra aðila sem vinna með persónuupplýsingar.** Morgunverðarfundur haldinn 3. mars í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana, Persónuvernd og innanríkisráðuneyti. Framsögumenn: Helga Þórisdóttir, forstóri Persónuverndar, Hörður Helgi Helgason lögmaður hjá Landslögum og Jóhanna Bryndís Bjarnadóttir sendiráðunautur á laga- og stjórnsýsluskrifstofu utanríkisráðuneytisins.

5. Fjármál stofnunarinnar

Háskóli Íslands og Stjórn málafræðideild leggja stofnuninni til starfsaðstöðu og almenna umsýsluþjónustu, m.a. vegna fjármála, sem auk annars styður við fjárhagslega stöðu stofnunarinnar. Stjórn málafræðideild greiðir leigu fyrir starfsaðstöðu stofnunarinnar. Að öðru leyti er stofnunin rekin fyrir sjálfsaflafé og aflar fjármagns til rekstrar með samstarfsamningum, umsjón með málþingum, námskeiðum, og opnum fundum, rannsóknaverkefnum, áskriftum að tímariti stofnunarinnar og öðrum styrkjum.

Skráðar heildartekjur stofnunarinnar árið 2017 voru 28,9 milljónir sem skiptast á fjórar rekstrareiningar: almennur rekstur (25,2 milljónir); rannsóknareikningur Valds- og lýðræðisrannsóknar (1,7 milljón); rannsóknareikningur Rannsóknaseturs í fjölmiðlun og boðskiptum (engar nýjar tekjur á árinu= 0), og; tímaritið Stjórn mála & stjórnsýsla (1,9 milljónir). Skráð heildarútgjöld voru rétt um 27,1 milljón króna. Þegar tekið er tillit til rannsóknareikninga Valds- og lýðræðisrannsóknarinnar og Rannsóknaseturs um fjölmiðlun og boðskipti er heildar

rekstrarstaða stofnunarinnar jákvæð upp á rétt tæpar 11,2 milljónir í árslok 2017. Án þessara tveggja rannsóknareikninga er rekstrarstaða stofnunarinnar í árslok jákvæð upp á 1,6 milljón krónur.

Nánari greining á rekstri og fjármálum stofnunarinnar árið 2017 er að finna í greinargerð sem lögð var fyrir stjórn stofnunarinnar með kynningu á yfirliti yfir starfsemi stofnunarinnar árið 2017.

Viðauki 1. Viðburðir og námskeið á vegum Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála árið 2017

Ráðstefnur, málþing og opnir fundir:

8. febrúar: *Hvernig bætum við stefnumótun og framkvæmd opinberrar þjónustu á grunni atferlisfræða og gagnreyndrar þekkingar?* Morgunverðarfundur haldinn í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana og forsætisráðuneyti.

3. mars: *Ný Evrópureglugerð um persónuvernd: Grundvallarbreytingar á skyldum og ábyrgð opinberra aðila sem vinna með persónuupplýsingar.* Morgunverðarfundur haldinn í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana, Persónuvernd og innanríkisráðuneyti.

3. mars: *Færri sveitarfélög: Hver er ávinningurinn?* Hádegisfundur haldinn í samvinnu við Félag stjórn málafræðinga.

17. mars: *„Hið góða þjóðþing“. Hugleiðingar fræðikonu innan úr neðri deild breska þingsins.* Hádegisfundur haldinn í samvinnu við MARK, Miðstöð margbreytileika- og kynjarannsóknna.

6. apríl: *Hlutverk opinberra starfsmanna í lýðræðisumræðu.* Aðalfundur og málþing Íslandsdeildar Norræna stjórnsýslusambandsins (NAF) í samstarfi við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála við Háskóla Íslands.

19. apríl: *Alþjóðasamvinna á krossgötum: Hvert stefnir Ísland?* Ráðstefna sem lþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála, Félag stjórn málafræðinga og Norðurlönd í fókus stóðu að.

26. apríl: *Skipulagsleysi, málþóf og gæði lagasetningar: Raunmyndir af störfum Alþingis.* Hádegisfundur haldinn í samvinnu við Félag stjórn málafræðinga.

16. júní: *Kynning og útgáfubod tímaritsins Stjórn mála & stjórnsýsla.*

23. október: *Framfarir: Tíu ástæður til að taka framtíðinni fagnandi.* Opinn fundur haldinn í samstarfi við Almenna bókafélagið.

17. nóvember: *Er hægt að efna lofordin sem gefin voru öldruðum?* Hádegisfundur haldinn í samstarfi við Félag stjórn málafræðinga og Félag eldri borgara í Reykjavík.

29. nóvember: *Fjöldi flokka, kosningabaráttan og stjórnarmyndun.* Hádegisfundur haldinn í samvinnu við Félag stjórn málafræðinga.

1.-2. desember: *Ráðstefna norrænna sveitarstjórnarfræðinga/NORKOM.* Lokuð tveggja daga ráðstefna haldin í HÍ og tók stofnunin þátt í undirbúningi og umsjón.

14. desember: *Kynning og útgáfubod tímaritsins Stjórn mála & stjórnsýsla.*

Námskeið:

24. janúar - 2. mars: Sex vikna námskeið í stjórnsýslurétti fyrir starfsmenn ráðuneyta, ríkisstofnana og sveitarfélaga haldið í samstarfi við Forsætisráðuneytið. Reykjavíkurborg og Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Umsjón og aðalkennari: Hafsteinn Þór Hauksson, dósent við lagadeild Háskóla Íslands.

23. febrúar: Tjáningarfrelsi opinberra starfsmanna: Hvar liggja mörkin? (½ dagur). Umsjón og fyrirlesarar: Kjartan Bjarni Björgvinsson, héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur.

2. mars: Hvernig má beita hegðunarinngrípum til að fólk breyti rétt? Vinnustofa haldin í framhaldi af morgunverðarfundi um hagnýtingu atferlisfræða og gagnreyndrar þekkingar við stefnumótun og um hnippingar sem aðferð við stefnuframkvæmd. Umsjón og fyrirlesarar: Hulda Þórisdóttir, dósent við Stjórn málafræðideild og Ragna Benedikta Garðarsdóttir, dósent við Sálfræðideild HÍ.

10. mars: Upplýsingaréttur almennings: Úrlausn lagalegra álitafna haldið í samstarfi við forsætisráðuneyti og Félag forstöðumanna ríkisstofnana (½ dagur). Umsjón og fyrirlesari: Kjartan Bjarni Björgvinsson, héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur.

16. - 17. mars: Upplýsingaöryggi hjá opinberum stofnunum: Innleiðing öryggisstefnu, framkvæmd áhættumats og áhættumeðferð haldið í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana (2 x ½ dagur). Umsjón og fyrirlesari: Sigurjón Þór Árnason, gæða- og upplýsingaöryggisstjóri hjá Veðurstofu Íslands og stundakennari við HÍ.

27. – 28. apríl: Áfallstjórnun (Crisis management) haldið í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana (2 x ½ dagur). Umsjón og fyrirlesari: Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, doktor í stjórn málafræði og Cand. Oecon. í viðskiptafræði

11. maí: Hvernig á að ráða starfsmenn hjá ríki og sveitarfélögum? haldið í samstarfi við forsætisráðuneyti og Félag forstöðumanna ríkisstofnana (½ dagur). Umsjón og fyrirlesari: Kjartan Bjarni Björgvinsson, héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur.

11. - 12. maí: Upplýsingaöryggi hjá opinberum stofnunum: Innleiðing öryggisstefnu, framkvæmd áhættumats og áhættumeðferð haldið í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana (2 x ½ dagur). Umsjón og fyrirlesari: Sigurjón Þór Árnason, gæða- og upplýsingaöryggisstjóri hjá Veðurstofu Íslands og stundakennari við HÍ.

13. - 14. september: Námskeið fyrir trúnaðarmenn Félags framhaldsskólakennara - Lokað námskeið (2 dagar). Umsjón og fyrirlesari: Kjartan Bjarni Björgvinsson, héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur.

17. október: Undanþáguákvæði upplýsingalaga – Hvenær er skylt og hvenær er heimilt að gæta leyndar samkvæmt upplýsingalögum? (½ dagur). Umsjón og fyrirlesari: Kjartan Bjarni Björgvinsson, héraðsdómari og dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík.

26. - 27. október: *Upplýsingaöryggi hjá opinberum stofnunum: Innleiðing öryggisstefnu, framkvæmd áhættumats og áhættumeðferð* haldið í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana (2 x ½ dagur). Umsjón og fyrirlesari: Sigurjón Þór Árnason, gæða- og upplýsingaöryggisstjóri hjá Veðurstofu Íslands og stundakennari við HÍ.

9. - 10 nóvember: *Námskeið um opinber innkaup* haldið í samstarfi við Ríkiskaup (2 x ½ dagur). Umsjón og fyrirlesari: Sérfræðingar hjá Ríkiskaupum.

14. nóvember: *Undanþáguákvæði upplýsingalaga – Hvenær er skylt og hvenær er heimilt að gæta leyndar samkvæmt upplýsingalögum?* (½ dagur). Umsjón og fyrirlesari: Kjartan Bjarni Björgvinsson, héraðsdómari og dósent við lagadeild Háskólans í Reykjavík.

6. desember: *Ný Evrópureglugerð um persónuvernd.* Fræðsludagur fyrir opinberar stofnanir haldinn í samstarfi við Persónuvernd, Félag forstöðumanna ríkisstofnana og dómsmálaráðuneyti.

13. desember: *Ný Evrópureglugerð um persónuvernd.* Fræðsludagur fyrir opinberar stofnanir haldinn í samstarfi við Persónuvernd, Félag forstöðumanna ríkisstofnana og dómsmálaráðuneyti.

Viðauki 2. Titlar og höfundar ritrýndra greina í tímaritinu Stjórnmal og stjórnsýsla árið 2017.

Fræðigreinar sem birtust í vefriti stofnunarinnar vorið 2017:

1. **Elítur á Íslandi – einsleitni og innbyrðis tengsl.** Höfundar: Magnús Þór Torfason, Þorgerður Einarsdóttir, Guðbjörg Linda Rafnsdóttir, og Margrét Sigrún Sigurðardóttir.
2. **Að þjóna sömu herrum en keppa þó: Sameiginlegt eignarhald á íslenskum hlutabréfamarkaði.** Höfundar: Ásta Dís Óladóttir, Friðrik Árni Friðriksson, Gylfi Magnússon, og Valur Þráinsson.
3. **Alþingi og framkvæmdarvaldið.** Höfundur: Haukur Arnþórsson.
4. **Kosningar, lýðræði og fatlað fólk.** Höfundar: Rannveig Traustadóttir og James G. Rice
5. **Does research activity decline with age?** Höfundur: Gylfi Zoega
6. **Viðhorf íslenskra og danskra stjórnenda til starfsumhverfis í ljósi norræna gilda.** Höfundar: Bergþóra Hlín Arnórsdóttir, Einar Svansson, og Kári Joensen.
7. **Hagnýting menntunar meðal háskólamenntaðs starfsfólks einkarekinna fyrirtækja og opinberra stofnana.** Höfundar: Ingi Rúnar Eðvarðsson, Guðmundur Kristján Óskarsson, og Jason Már Bergsteinsson.

Fræðigreinar sem birtust í vefriti stofnunarinnar haustið 2017:

1. **Dutiful Citizen or a Pragmatic Professional? Voluntary Retirement of Icelandic Local Councillors.** Höfundur: Eva Marín Hlynsdóttir
2. **The Opening of Costco in Iceland: Unexpected Meanings of Globalized Phenomenon.** Höfundar: Kristín Loftsdóttir og Már Wolfgang Mixa
3. **Fjöldi ferðamanna og tekjur og kostnaður íslenskra sveitarfélaga.** Höfundar: Vífill Karlsson, Hjalti Jóhannesson og Jón Óskar Pétursson
4. **Meðhöndlun trúnaðarupplýsinga hjá löggæslu-stofnunum ríkisins.** Höfundar: Kristín Guðmundsdóttir og Jóhanna Gunnlaugsdóttir
5. **Stjórnun sérfræðinga. Fremstir meðal jafningja.** Höfundar: Árelía Eydís Guðmundsdóttir og Elín Blöndal
6. **Viðhorf ungs fólks til pólitískrar þátttöku.** Höfundar: Ragný Þóra Guðjohnsen og Sigrún Aðalbjarnardóttir